

## Ávarp stjórnarformanns Brynjólfs Bjarnasonar 15. mars 2023

Fundarstjóri, ágætu hluthafar!

Árið 2022 var viðburðaríkt ár. Á Íslandi og víða um heim voru samkomutakmarkanir í gildi þegar árið rann í garð. Þeim var aflétt snemma árs með tilheyrandi bjartsýni. Sú bjartsýni varði því miður ekki lengi þar sem Rússar réðust inn í Úkraínu með skelfilegum afleiðingum. Efnahagsleg áhrif stríðsins finnast víða, ekki síst í Evrópu en einnig á eignamörkuðum víða um heim. Efnahagslíf landsins var þróttmikið á síðastliðnu ári þótt aðstæður á mörkuðum hafi vissulega verið krefjandi. Fjárhagsstaða bankans er sem fyrr mjög sterk, 24,0% eiginfjárhlutfall í árslok. Eigið fé bankans nam 188 milljörðum króna í árslok og námu endurkaup og arðgreiðslur til hluthafa 32 milljörðum króna á árinu. Samtals hefur bankinn á síðustu þremur árum greitt til hluthafa í gegnum arðgreiðslur og endurkaup eigin bréfa rúma 68 milljarða króna. Í þessum efnum verður áfram horft til arðgreiðslustefnu bankans og markmiðs um hlutfall eiginfjárpáttar 1.

Eiginfjárstaða bankans er því áfram með því sterkasta sem gerist í Evrópu og bankinn vel í stakk búinn til að takast á við það sem fram undan er.

Þrátt fyrir efnahagslegan óstöðugleika í löndunum í kringum okkur, verðbólgu og hækkandi vexti, var hagvöxtur á Íslandi um 6% á síðasta ári. Spáin fyrir yfirstandandi ár gerir ráð fyrir áframhaldandi hagvexti hér á landi. Vissulega hefur verðbólga verið há – og því miður er ekkert lát þar á – en miðað við samræmda vísitölu neysluverðs var hún engu að síður með því lægsta í Evrópu á síðastliðnu ári.

Mikil umsvif voru í efnahagslífinu og tók ferðaþjónustan sérstaklega vel við sér með endurkomu erlendra ferðamanna. Útflutningsgreinar okkar standa vel og sjávarútvegur er öflugur. Fjórða stoðin í okkar útflutningi – þekkingargreinarnar – vex af miklum krafti en þar skapa fyrirtæki yfir 15% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar og er spáð mikilli aukningu þar á. Starfsemi bankans á árinu fór ekki varhluta af styrk efnahagslífsins og óx lánabók bankans um 16% á árinu og var góð eftirspurn meðal fyrirtækja og heimila eftir okkar þjónustu.

Fjármálamarkaðir eru viðkvæmir fyrir óvissu sem er óhjákvæmilegur fylgifiskur stríðsátaka. Óstöðugleiki var því á verðbréfamörkuðum og lánsfjármörkuðum í Evrópu og víða um heim. Til að mynda töpuðu hefðbundin eignasöfn skráðra bandarískra hluta- og skuldabréfa í helmingshlutföllum meiri verðmætum en nokkru sinni frá kreppunni 1932. Kjör sem fjármálafyrirtækjum bjóðast á alþjóðlegum

lánsfjármörkuðum versnuðu á árinu en Arion banki hefur búið vel í haginn og er í þeirri eftirsóknarverðu stöðu að hafa enga aðkallandi endurfjármögnunarþörf á árinu 2023.

Þrátt fyrir styrk íslensks efnahagslífs, sjálfbærni á sviði orkumála og fjarlægð frá átakasvæðum einkenndust verðbréfamarkaðir hér á landi af sveiflum og verðlækkunum. Hlutabréf Arion banka voru þar engin undantekning og lækkuðu um 21% í kauphöll Nasdaq Iceland á síðastliðnu ári, að teknu tilliti til arðgreiðslu, eftir að hafa hækkað um 101% á árinu 2021.

Við tókum afgerandi skref á árinu í að efla Arion samstæðuna og skerpa áherslur. Salan á dótturfélaginu Valitor fór í gegn um mitt ár sem einfaldar Arion samstæðuna. Snemma árs flutti starfsemi Varðar í höfuðstöðvar Arion banka í Borgartúni 19. Þar eru nú saman komin öll þrjú kjarnafélög Arion samstæðunnar; Arion banki, Vörður og Stefnir. Samstarf félaganna er meira en áður og vinnur starfsfólk þéttar saman. Ýmsir þættir í starfsemi Varðar hafa verið samþættir starfsemi Arion banka með það að markmiði að auka samlegð og skilvirkni. Ég vil því sérstaklega þakka starfsfólki okkar í Borgartúni 19 fyrir mikla lipurð og jákvæðni við þá miklu fjölgun starfsfólks sem orðið hefur í húsinu – þröngt mega sátta sitja.

En styrkur samstæðunnar liggur ekki síst í öflugum hópi starfsfólks sem þjónar stórum hópi viðskiptavina. Markmið okkar er að nýta styrkleika hvers félags um sig og sameiginlegan slagkraft, viðskiptavinum okkar til góða. Þar á ég við fjölbreytt þjónustuframboð, viðamikla reynslu og þekkingu starfsfólks og öflugar sölu- og þjónustuleiðir. Arion samstæðan býður fjölbreyttari fjármálaþjónustu en aðrir markaðsaðilar og í því felst styrkleiki okkar.

Arion samstæðan á einnig í spennandi samstarfi við ung fjártæknifélög. Við höfum fjárfest í tveimur félögum sem starfa á mörkuðum sem hingað til hafa einkennst af óskilvirkni og bjóða því upp á mikil tækifæri til markaðssóknar. Annars vegar er um að ræða Leiguskjól, sem býður leigusölum og leigutökum heildstæða þjónustu, m.a. bankaábyrgð frá Arion banka. Hins vegar Frágang, en markmið þess félags er að bjóða þeim sem sjá sjálf um sín bílaviðskipti lausnir sem halda utan um allt ferlið, þar með talið fjármögnun. Bæði þessi félög hafa það skýra markmið að auka skilvirkni þeirra markaða sem þau starfa á með stafrænum lausnum og auka enn frekar hlut stafrænnar fjármálaþjónustu.

Við höfum hug á að auka landfræðilega fjölbreytni í okkar starfsemi og horfum í því skyni til norðurslóða. Um áramót voru tæp 9% lána

bankans til fyrirtækja á norðurlóðum. Sem efnahagssvæði hafa norðurlóðir heilmikið fram að færa næstu áratugi, ekki síst Grænland þar sem mikil gerjun er í tengslum við námuvinnslu, innviðauppbýggingu og ferðapjónustu. Ísland á margt sameiginlegt með öðrum þjóðum á svæðinu sem er strjálbýlt, með svipað veðurfar, byggir á fiskveiðum og hefur næga græna orku. Þrátt fyrir að Ísland sé lítil þjóð, þá erum við með þróað fjármálakerfi og góðar tengingar við erlenda fjármálamarkaði. Við erum því í kjörstöðu til að veita fjármálapjónustu og styðja við þá uppbyggingu sem fram undan er á norðurlóðum með hag samfélags og umhverfis í huga.

Í öllu sem við gerum leggjum við okkur fram um að starfa með ábyrgum og sjálfbærum hætti. Markmið okkar er ætíð að vera traustur samstarfsaðili og hafa jákvæð áhrif á það samfélag sem við störfum í og umhverfi okkar og loftslag. Það er mikilvægt að gefa ekki eftir í baráttunni gegn loftgæsbreytingum þrátt fyrir ýmsar aðrar áskoranir nú um mundir.

Bankinn hefur skýra stefnu á sviði umhverfis- og loftlagsmála og gaf á árinu 2021 út sína fyrstu grænu fjármálaumgjörð. Síðan þá hefur bankinn fjórum sinnum gefið út græn skuldabréf í evrum og íslenskum krónum. Bankinn býður viðskiptvinum sínum upp á græna

sparnaðarleið, græn fyrirtækjalán og græn íbúðalán og bílalán. Hlutfall grænna lána í okkar lánabók út frá skilgreiningu grænu fjármálaumgjarðarinnar er 12,5% og markmið okkar er að þetta hlutfall verði 20% á árinu 2030.

Í gegnum eignarhald sitt á tveimur af þremur stóru bönkunum hér á landi er íslenska ríkið enn umsvifamesti aðilinn á íslenskum fjármálamarkaði. Það gefur augaleið að það er ekki ákjósanlegt að Arion banki sé eini bankinn af þessum þremur sem er alfarið í einkaeigu. Vissulega hafa verið tekin skref á síðustu árum til að draga úr eignarhaldi ríkisins en betur má ef duga skal. Hnökkar á framkvæmd sölu á 22,5% hlut ríkisins í Íslandsbanka á síðastliðnu ári eiga ekki að verða til þess að horfið verði af þeirri braut að draga úr umsvifum ríkisins eða hægja á þeirri vegferð. Það þarf einfaldlega að læra af reynslunni og horfa til næstu skrefa.

Vissulega hafa átt sér stað áhugaverðar vendingar á síðustu vikum með yfirlýsingu Kviku og Íslandsbanka um samrunaviðræður félaganna. Þetta er um margt áhugavert skref fyrir þessi félög – við hér í þessu húsi trúum því í öllu falli að samstarf banka og tryggingafélags geti skilað hluthöfum og viðskiptavinum ábata.

En það breytir því ekki að þegar kemur að eignarhaldi fjármálafyrirtækja þá er aðalatriðið að losa um eignarhald ríkisins og auka með því tiltrú erlendra fjárfesta, sem nú hika við að fjárfesta í bönkum þegar stærsti bankinn er alfarið í ríkiseigu og ekki skráður í kauphöll.

Við viljum vera öðrum góð fyrirmynd þegar kemur að ábyrgum rekstri þar sem horft er til langs tíma. Forsenda þess er að rekstur bankans standi traustum fótum og skili hluthöfum og samfélaginu arði. Að því vinnum við alla daga og höfum náð ágætum árangri eins og 13,7% arðsemi bankans á árinu ber með sér. Hér hefur skipt miklu að hagsmunir bankans og starfsfólks fara saman, en á árinu stóð öllu starfsfólki bankans, að eftirlitseiningum undanskildum, til boða að taka þátt í kaupréttar- og kaupaukakerfi bankans. Þátttaka starfsfólks í þessum kerfum er mikilvægur þáttur í að tvinna saman hagsmuni þess og bankans. Kaupaukakerfið er með vel skilgreind markmið sem snúa að öllum helstu sviðum starfseminnar og á það án efa sinn þátt í góðu gengi bankans á undanförunum árum.

En það er ekki nóg að bankinn vinni að aukinni skilvirkni og sterkum rekstri ef stjórnvöld skapa hamlandi starfsumhverfi. Eins og ég hef áður nefnt þá þurfa stjórnvöld að draga frekar úr eignarhaldi sínu á

fjármálafyrirtækjum og auka þannig tiltrú erlendra fjárfesta. Þau þurfa einnig að jafna samkeppnisstöðu innlendra banka gagnvart erlendum bönkum sem sækjast eftir viðskiptum íslenskra fyrirtækja, bönkum sem búa við lægri skatta en við, lægri kröfur um eigið fé og minna íþyngjandi fjármálaeftirlit. Við fögnum allri samkeppni en það þarf að jafna leikinn.

Eins og hefur komið fram stendur Arion banki traustum fótum, við erum með skýra sýn og stefnu og metnaðarfull markmið fyrir komandi ár. Við störfum á markaði þar sem efnahagslífið er þróttmikið þrátt fyrir margvíslegar áskoranir í umhverfinu. Við vitum hvernig við viljum þróa okkar þjónustu þannig að hún þjóni okkar viðskiptavinum sem best og höldum ótrauð áfram á þeirri braut sem við höfum markað.

Að lokum vil ég þakka starfsfólki og stjórn Arion banka fyrir samstarfið og vel unnin störf á árinu 2022.

Brynjólfur Bjarnason,  
stjórnarformaður Arion banka